



Skútustaðahreppur

# Jafnréttisáætlun 2014- 2018

Stefna og aðgerðaáætlun

Unnið af Félags – og menningarmálanefnd og staðfest af sveitarstjórn  
Skútustaðahrepps  
11. maí 2016

# Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps 2014-2018

## 1. Inngangur

Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Jafnréttisáætlunin tekur til stjórnkerfis og starfsmanna sveitarfélagsins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem stofnanir sveitarfélagsins veita íbúum. Auk þess eru í áætluninni tilmæli til einstaklinga og yfirvalda, stofnana og fyrirtækja sem ekki heyra undir stjórn sveitarfélagsins.

Félags- og menningarmálanefnd Skútustaðahrepps fer með málefni jafnréttisnefndar sveitarfélagsins í samræmi við það hlutverk sem er skilgreint í 12. gr. laga nr. 10/2008. Nefndin skal fjalla um jafnrétti kvenna og karla innan Skútustaðahrepps og vera ráðgefandi fyrir sveitarstjórn í málefnum er varða jafnrétti kynjanna.

## 2. Markmið

Markmið jafnréttisáætlunarinnar er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í Skútustaðahreppi og jöfnum möguleika kynjanna til að nýta sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar. Þetta á við um menntun, atvinnulíf og félagslíf. Það er stefna Skútustaðahrepps að kynin njóti sömu tækifæra, fái sömu laun fyrir sömu vinnu og hafi sömu réttindi og sömu möguleika til áhrifa í samfélaginu.

## 3. Ákvæði vegna starfsmanna sveitarfélagsins:

**3.1 Nefndir og ráð:** Skipan í nefndir, ráð og stjórnir á vegum Skútustaðahrepps skal vera í samræmi við 2. tl. 1. mgr. 44. gr. sveitastjórnarlaga nr. 138/2011 og 15. gr. jafnréttislaga þar sem mælt er fyrir um kynjakvóta; til að tryggja áhrif kvenna og karla við ákvarðanatöku og stefnumótun í samfélaginu.

Nefndir og ráð Skútustaðahrepps skulu hafa jafnréttissjónarmið að leiðarljósi í störfum sínum og leitast við að flétta jafnréttismálin inn í starfsemi sína eftir því sem kostur er, með það markmið að stuðla að jafnri stöðu kynja í sveitarfélaginu.

**Aðgerðaráætlun:** Við upphaf hvers kjörtímabils, þegar kosningar í nefndir og ráð hafa farið fram, skal leggja fyrir Félags- og menningarmálanefnd lista yfir hlutfall kynja í öllum nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum Skútustaðahrepps. Auk þess skal Félags- og menningarmálanefnd fara yfir stöðuna um mitt kjörtímabil.

**Ábyrgð:** Sveitarstjóri

**3.2 Auglýsingar og ráðningar starfsmanna:** Störf sem laus eru til umsóknar skulu standa opin jafnt konum sem körlum sbr. 20. gr. jafnréttislaga. Jafnréttisnefnd beinir þeim tilmælum til stjórnenda sveitarfélagsins að auglýsa lausar stöður til umsóknar. Auglýsing skal vera aðgengileg öllum og konur og karlar hvött til að sækja um.

**Aðgerðaráætlun:** Við upphaf hvers kjörtímabils skal Félags- og menningarmálanefnd, í samráði við skrifstofustjóra Skútustaðahrepps, gera samantekt á kynjahlutföllum í öllum starfshópum ásamt yfirliti yfir auglýst störf, umsækjendur og ráðningar. Með því er hægt að bregðast við þeim upplýsingum sem koma fram á kjörtímabilinu.

**Ábyrgð:** Formaður Félags- og menningarmálanefndar.

**3.3 Starfsmannakjör:** Við ákvörðun launa og annarra starfskjara, úthlutun verkefna, tilfærslur í störfum og uppsagnir skal þess gætt að mismuna ekki eftir kynferði sbr. 24. gr.

laga nr. 10/2008. Því skal leitast við að meta jafnt mismunandi starfssvið, reynslu og menntun karla og kvenna. Gæta skal þess að konur og karlar njóti að öllu leyti sambærilegra kjara og starfsaðstæðna með vísan í 25. og 26. gr. laga um jafna stöðu og rétt kvenna og karla nr. 10/2008.

**Ábyrgð:** Sveitarstjóri

**3.4 Kynferðisleg og kynbundin áreitni:** Kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og kynbundið ofbeldi er með öllu óheimilt á vinnustöðum Skútustaðahrepps. Varðandi skilgreiningu á, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og kynbundnu ofbeldi er vísað til 2. gr. jafnréttislaga og 22. gr. jafnréttislaga. Forstöðumenn og yfirmenn eftir atvikum, skulu fylgja forvarnaráætlun til að koma í veg fyrir að starfsfólk, nemendur, viðskiptamenn og skjólstæðingar verði fyrir kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni eða kynbundnu ofbeldi á vinnustað, stofnun, í félagsstarfi eða skólum. Polandi skal engan skaða bera af ráðstöfunum sem gripið er til í því skyni. Alvarleg eða endurtekin áreitni varðar áminningu eða brottrekstur úr starfi.

**Aðgerðaráætlun:** Útbúa skal forvarnaráætlun og fræðslu gegn kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og kynbundnu ofbeldi. Auk þess skal útbúa leiðbeiningar um viðbrögð við kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og kynbundnu ofbeldi fyrir lok árs 2016.

**Ábyrgð:** Sveitarstjóri

#### 4. Samræming fjölskyldu- og atvinnulífs

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að gera konum og körlum kleift að samræma starfskyldur sínar og ábyrgð gagnvart fjölskyldu.

Tryggja skal eftir föngum að stúlkum og drengjum séu veitt sömu tækifæri til íþróttaiðkana og að kynin sitji jöfn að fjárveitingum á vegum sveitarfélagsins til íþróttaiðkunar. Þess skal gætt að stúlkur og drengir hafi sömu möguleika til sumarstarfa á vegum sveitarfélagsins.

Því er beint til yfirvalda grunn- og leikskóla að vinna að því að jafna stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að nýta hæfileika sína til fulls, bera virðingu hvert fyrir öðru og efla jákvæð samskipti kynjanna.

Sveitarfélagið og stofnanir þess skulu hvetja bæði kynin til þess að nýta sér þann rétt sem þau hafa til töku fæðingarorlofs og einnig skipta með sér heimaveru vegna veikinda barna.

#### 5. Ábyrgð, fræðsla og ráðgjöf

Stjórnendur og starfsmenn Skútustaðahrepps bera ábyrgð á því að gæta jafnréttis kynja innan stjórnkerfis sveitarfélagsins, á vinnustöðum þess og í þjónustu við íbúa. Fræðsla um jafnréttismál og leiðir til að vinna að jafnri stöðu kynjanna skal vera virkur þáttur í starfi sveitarfélagsins. Fylgjast skal með endurmenntun í sveitarfélaginu og skulu stjórnendur stofnana í sveitarfélaginu beita sér fyrir því að slíkir möguleikar sé fyrir hendi sem geti aukið tækifæri kvenna og karla til atvinnu og menntunar.

**Aðgerðaráætlun:** Að starfsmönnum sveitarfélagsins gefist kostur á fræðslu og endurmenntun að lágmarki árlega í samræmi við það starf sem þeir gegna.

**Ábyrgð:** Sveitarstjóri og forstöðumenn stofnana

#### 6. Kynjasambætting

Kynjasambætting er aðferð til að meta hvort ákvarðanir innan stofnana hafi jöfn áhrif á konur og karla. Samkvæmt 12. og 17. gr. jafnréttislaga ber sveitarfélögum lagaleg skylda til að vinna að kynjasambættingu. Því skal unnið að því að sambætta kynja- og jafnréttissjónarmið

inn í ferli stefnumótunar og ákvarðanatöku. Þannig er hægt að meta hvort þjónusta skili sér jafnt til beggja kynja og hvort aðgengi að þeirri þjónustu sé sambærilegt. Til þess að flétta sjónarhorn kynjajafnréttis inn í almenna stefnumótun þarf að vera til staðar m.a. þekking á jafnréttismálum og aðferðum sem hægt er að beita.

**Aðgerðaráætlun:** Halda skal námskeið í samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða fyrir starfsmenn sveitarfélagsins haustið 2016. Því skal lokið fyrir lok árs 2016.

**Ábyrgð:** Sveitarstjóri

## **7. Kynning, endurskoðun og eftirfylgni.**

Félags og menningamálanefnd skal fylgjast með og hafa frumkvæði að aðgerðum til að tryggja jafna stöðu kvenna og karla í Skútustaðahreppi, einnig skal nefndin hafa umsjón með gerð jafnréttisáætlunar til fjögurra ára í senn. Við næstu endurskoðun skal kveðið á um kynjasamþættingarverkefni.

Áætlun þessa skal endurskoða við upphaf næsta kjörtímabils.

Jafnréttisáætlun þessi skal kynnt íbúum sveitarfélagsins, stofnunum og starfsmönnum þeirra.

*Samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps 11. maí 2016*

---